

JAFNLAUNASTEFNA LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Listaháskóli Íslands fylgir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008, hefur mótað, samþykkt og innleitt jafnréttisáætlun, hefur sett jafnlaunastefnu og mótað jafnlaunakerfi sem nær til allra launþega Listaháskóla Íslands og miðar að því að uppfylla skilyrði jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Markmið Listaháskólans er að vera eftirsóttur vinnustaður sem veitir starfsfólki jöfn tækifæri í starfi, jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og tryggir að málaefnalegar ákvarðanir liggja að baki öllum launaákvörðunum.

Til að markmið þetta náist mun LHÍ:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni æðstu stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki LHÍ og birta opinberlega.

Listaháskólinn skuldbindur sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85.

Rektor ber ábyrgð á jafnlaunastefnu þessari, jafnlaunakerfi og að öðrum kröfum sem tengjast launakerfi s.s. lagalegum sé framfylgt.

Skipaður ábyrgðaraðili jafnlaunakerfis ber ábyrgð á innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfis í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 með stöðugum umbótum. Hann er jafnframt ábyrgur fyrir því að skila skýrslum til æðstu stjórnenda, rektors og framkvæmdastjóra, um jafnlaunakerfið, gæði þess og skilvirkni, sem og að leggja til úrbætur. Mannauðsstjóri LHÍ er skipaður ábyrgðaraðili jafnlaunakerfis LHÍ.

Samþykkt af stjórn Listaháskóla Íslands 16.04.2020.

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	STE0002
Útg.d:	16.04.2020
Útgáfa:	1.0
Áb.maður:	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfis
Endurskoðun:	Árlega